

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	1
Stjórn, stjórnendur og starfshættir stjórnar .....	1
Starfsfólk Lýðskólans á Flateyri .....	2
Stefnuskrá skólans og hlutverk hans .....	2
Einkunnarorð .....	3
Nám og kennsla .....	4
Námsframboð .....	4
Skipulag og kennsluhættir .....	4
Námsmat .....	5
Stuðningur og þjónusta við nemendur .....	5
Reglur og áætlanir .....	6
Almennar skólareglur .....	6
Siðareglur nemenda .....	7
Siðareglur kennara .....	8
Áætlanir .....	8
Meðferð ágreiningsmála og brot á siðareglum .....	9
Skipulag, viðurlög og kæruleiðir .....	9
Ábendingar og sjónarmið nemenda .....	9
Gæðamat – innra mat .....	10
Gögnum sem safnað er til grundvallar innra mati .....	10
Gæðaskýrslur .....	10



## Skólanámskrá Lýðskólans á Flateyri

### Inngangur

Kaflar í skólanámskránni eru almenns eðlis þar sem fram koma meginmarkmið skólans.

Lýðskólinn á Flateyri er að forminu til félag sem stofnað var á Flateyri 1. maí 2017.

Stofnfélagar skólans eru þeir sem skráðir voru við stofnun félagsins og hafa þeir allir sömu réttindi og bera sömu skyldur gagnvart skólanum. Skólinn er ekki rekinn með fjárhagslegan ágóða að markmiði.

### Stjórn, stjórnendur og starfshættir stjórnar

#### Stjórn Lýðskólans á Flateyri skólaárið 2020-2021

Stjórn skólans er skipuð átta manns, fimm í aðalstjórn og þremur í varastjórn

Runólfur Ágústsson (síðan 2017) – formaður stjórnar

Óttar Guðjónsson (síðan 2017) – gjaldkeri

Ívar Kristjánsson (síðan 2017) – meðstjórnandi

Gerður Ágústa Sigmundsdóttir (síðan 2021, í varastjórn síðan 2019) – meðstjórnandi

Hafdís Gunnarsdóttir (síðan 2021) – meðstjórnandi, fulltrúa Ísafjarðarbæjar

Dagný Arnalds (síðan 2017) – varamaður í stjórn

Vigdís Erlingsdóttir (síðan 2017) – varamaður í stjórn

Sólveig María Þórðardóttir (síðan 2021) – varamaður í stjórn

Jökull Davíðsson – formaður nemendaráðs Lýðskólans á Flateyri

Katrín María Gísladóttir (síðan 2021) – skólastjóri og framkvæmdarstjóri, ráðin af stjórn.

Stjórn skólans ber ábyrgð á rekstraröryggi skólans, hefur eftirlit með daglegum rekstri hans sem er í höndum framkvæmdarstjóra og sér til þess að skólinn starfi ávalt í samræmi við gildandi reglur og lög. Stjórn skólans ásamt framkvæmdarstjóra mótar stefnu skólans og tekur þátt í faglegri þróun hans með beinum og óbeinum hætti með t.d. umræðum á fundum, lestur ganga, stefnumótunarvinnu og fleiru.



Stjórn skólans vinnur að heilindum og skilvirkni og leggur mat á árangur skólastarfsins og starfi stjórnar.

## Starfsfólk Lýðskólans á Flateyri

Fastráðið starfsfólk skólans eru tveir auk skólastjóra. Kennarar skólans eru ráðnir í verktöku til að sinna kennslu í einstökum námskeiðum og eru á yfirstandandi skólaárið alls 29.

### Skólastjóri

Katrín María Gísladóttir er skólastjóri og framkvæmdarstjóri félagsins. Hún ber ábyrgð á daglegum rekstri skólans, þróun hans og uppbyggingu. Hún sér um samskipti við samstarfsaðila og aðra sem að skólanum koma auk þess að svara erindum og senda upplýsingar til yfirvalda og annarra aðila.

### Kennslustjóri

Gunnhildur Gunnarsdóttir kennslustjóri í fullu starfi, hennar helsta starf er þróun náms og kennslu, aðstoð við kennara varðandi kennsluaðferðir og skipulag námsins. Hún sinnir einnig þróun námsins í heild. Hún er í miklum samskiptum við nemendur og tekur almennan þátt í daglegu starfi skólans.

### Verkefnastjóri alþjóðamála

Juraj Hubinák verkefnastjóri markaðs- alþjóðamála. Hans helsta starf innan skólans er að þróa alþjóleg samskipti og alþjóðlega námsbraut sem stefnt er á að bjóða upp á í skólaunum frá og með 2022, hann sinnir auk þess markaðsmálum, er í samskiptum við nemendur og tekur almennan þátt í daglegu starfi skólans.

## Stefnuskrá skólans og hlutverk hans

Lýðskólinn á Flateyri svarar ríkri kröfu um fleiri valkosti í menntun á Íslandi. Það er nýlunda á Íslandi að einstaklingum standi til boða að búa og nema við skóla þar sem ekki er lögð áhersla á hefðbundinn námsárangur og prófgráður.

Við skólann er nemandinn í miðjunni. Hann fær stuðning frá kennurum, samnemendum og samfélagi íbúa. Þekking, færni og hæfni nemenda verður til með þátttöku í verkefnum sem tengjast atvinnulífi, samfélagi og menningu. Nýleg og yfirgripsmikil greining, sem unnin var fyrir Samtök lýðskóla í Danmörku (Folkehøjskolernes Forening i Danmark (FFD)) sýnir veruleg áhrif af veru í lýðskóla á ungt fólk sem hefur fallið úr skóla í hinu hefðbundna menntakerfi. (Højskolernes verdier, *En analyse af folkehøjskolernes værdigrundlag*, feb. 2019) Líkurnar á að snúa aftur til náms og halda áfram í námi á æðri stigum aukast verulega við nám í lýðskóla.



Vera í lýðskóla á einnig virkan þátt í að auðvelda brottfallsnemendum og fólki í atvinnuleit og starfsendurhæfingu að halda virkni sinni og hjálpa því að auka möguleika sína til atvinnuþátttöku með því að nýta bæði námskrá og það samfélag sem skólinn býður upp á. Námið er ólíkt því sem við eigum að venjast í hefðbundnum framhaldsskólum. Í lýðskóla fá nemendur og kennarar tækifæri til að vera við leik og störf og prófa sig við ólík viðfangsefni án þess að þurfa að sökkva sér niður í fræðilegar kenningar og skólabækur. Ungt fólk sem hefur nýlokið framhaldsskólaprófi velur gjarnan að fara í lýðskóla og fá þannig næði og tíma til að átta sig á styrkleikum, veikleikum og vilja til frekara náms. Einnig er algengt að fólk sem ekki hefur lokið framhaldsskólaprófi sækir í lýðskóla og nýti þannig tækifæri sem þetta til að hefja nám á ný.

Í anda lýðskóla er samfélagsþátttaka mikilvægur hluti af gildum Lýðskólans á Flateyri. Rík áhersla er lögð á að nemendur og íbúar nærliggjandi sveitarfélaga vinni í náinni og virkri samvinnu að því að auðga mannlífið með því að efna til viðburða, blása til veislu, stuðla að samveru eða auka við þá þjónustu og afþreyingu sem býðst í hverju bæjarfélagi. Þannig erum við öll ábyrg fyrir því að þær auðlindir sem búa í samfélaginu og þeim nemendum sem það auðga, skili sér til baka í einhverju sem annars hefði ekki orðið til. Slíkt er markmið okkar.

## Einkunnarorð

Lýðskólinn á Flateyri vill hafa jákvæð áhrif á umhverfi, samferðamenn og samfélag nær og fjær. Okkur er umhugað um sjálfbærni, samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar og berum virðingu fyrir þörfum annarra um leið og við leyfum okkur sjálfum að njóta. Það er á okkar ábyrgð að samfélagið sem við búum í blómstri. Í lýðskólanum stuðlum við að þróun einstaklingsins og samfélagsins með því að gefa bæði og þiggja. Skólinn er því samfélag nemenda og kennara sem býður fólki tækifæri til að þroskast og mennta sig í samstarfi við íbúa á Flateyri.

### **Einkunnarorð skólans eru frelsi, þekking og þroski.**

Nemendur hafa frelsi til menntunar út frá sínum einstaklingsbundnu forsendum. Skólinn byggir ekki á prófum, einkunnum eða gráðum heldur skapar nemendum sínum aðstæður og umgjörð til náms og menntunar. Nemandinn ber sjálfur ábyrgð á náminu þar sem megináherslan er á að uppgötva og styrkja þá einstöku hæfileika sem hver og einn hefur.

Í skólanum sækir fólk sér þekkingu eingöngu þekkingarinnar vegna. Innsýn, reynsla og færni verður til með sjálfsskoðun, samvinnu, frumkvæði og forvitni. Nemandinn er miðjan, hann tekur þátt í verkefnum sem tengjast umhverfi, atvinnulífi, samfélagi og menningu nærumhverfisins og fær stuðning kennara, samnemenda og íbúa Flateyrar til að öðlast þekkingu, færni og hæfni.



Viðfangsefni námsins eru til þess fallin að ögra og reyna á getu fólks jafnt andlega sem líkamlega. Slíkar áskoranir leiða til umbreytinga og þroska einstaklingsins. Nemendur taka virkan þátt í að móta námið og skólann. Áhersla er lögð á samveru, sjálfsskoðun, sjálfsrækt og lífsleikni þar sem virðing, samfélagsleg ábyrgð og ábyrgð einstaklinga á sjálfum sér og eigin námi er lykilatriði.

Nemendur skólans læra að horfa öðruvísi á sjálfa sig, samferðamenn og lífið og ná þannig vonandi að tileinka sér samábyrgð, meðvitund og virkni.

## Nám og kennsla

Lýðskólar gera sjaldnast sérstakar inngöngukröfur sem tengjast menntun eða fyrri störfum en geta í samræmi við einkenni hvers skóla lagt mismunandi áherslur þegar þeir velja nemendur. Þar veða áhugasvið, viðhorf og persónuleiki umsækjenda iðulega þyngst. Gert er ráð fyrir að nemendur dvelji við Lýðskólann í eitt skólaár. Þó er hægt að velja um aðeins eina önn, annað hvort haust- eða vorönn.

### Námsframboð

Við skólann eru tvær námsbrautir Hafið, fjöllin og þú og Hugmyndir, heimurinn og þú. Hafin hefur verið vinna við þróun á þriðju námsbrautinni sem kennd verður á ensku, vinnuheiti þeirrar námsbrautar er „Living in the Arctic“.

Hafið, fjöllin og þú er námsleið fyrir þá sem dreyma um að upplifa náttúruna, læra að ferðast um hana, vinna með hana, nýta og kanna á öruggan hátt.

### [Sjá námskeið námsbrautarinnar hér](#)

Hugmyndir, heimurinn og þú er námsbraut fyrir þá sem vilja þroskast og þróa sig áfram sem skapandi einstaklingar.

### [Sjá námskeið námsbrautarinnar hér](#)

Hugmyndin með námsbrautinni Living in the Arctic er að laða að erlenda nemendur sem áhuga hafa á náttúru og menningu á norðurslóðum. Ráðinn hefur verið verkefnastjóri til að stýra þróun námsbrautarinnar, afla styrkja og tengsla við erlenda lýðskóla með samstarf og samvinnu í huga. Stefnt er að því að hefja kennslu við þessa námsbraut á haustönn 2022.

### Skipulag og kennsluhættir

Námskeið við Lýðskólann á Flateyri byggja á samtali og gagnkvæmu námi á milli nemenda og kennara. Megináhersla er á að uppgötva og styrkja þá hæfileika sem hver og einn býr yfir.



Öll námskeið við Lýðskólann á Flateyri eru kennd í stuttum en hnitmiðuðum lotum. Með stuttum námslotum er auðveldara fyrir nemendur og kennara að einbeita sér að hverju námskeiði fyrir sig og kynna sér viðfangsefnin til hlítar. Einnig gefst aukið svigrúm fyrir kennara og nemendur til að staldra við áhugaverð viðfangsefni eftir þörfum hverju sinni. Þetta fyrirkomulag skapar jafnframt tækifæri til að fá reynslumikið fólk og fagaðila víðsvegar af landinu og utan úr hinum stóra heimi til að kenna námskeið við skólann.

Námskeiðin eru þannig uppbyggð að nemendur fá fróðleik, kynningu á efni og fræðslu á prentuðu og rafrænu formi. Þetta eru að mestu hefðbundnar kennslustundir með þeirri undantekningu að mikil áhersla er lögð á sjálfstæða upplýsingaleit, samtöl við heimafólk og umræður í tímum í stað hefðbundinna fyrirlestra kennara. Miklum hluta af kennslutíma verja nemendur svo utan hefðbundinnar kennslustofu, með kennara og öðrum nemendum, þar sem þekking nemenda á viðfangsefninu er dýpkuð í gegnum verklega reynslu, vettvangsferðir og æfingar. Reglulega takast nemendur svo á við þemaverkefni sem byggja á því að nýta þann auð sem finna má í sögu, menningu og samfélagi Flateyrar og gefa til baka í formi auðgunar á samfélagi.

## Námsmat

Samtöl og samvinna, verklegt nám og vettvangsferðir eru lykilorð. Endurgjöf og námsmat í skólanum er ekki fengið með hefðbundnum prófum og einkunnum heldur í gegnum fundi og samtöl. Þetta gefur skólanum frelsi til að mennta og þroska nemendur með óhefðbundnum en árangursríkum leiðum.

## Stuðningur og þjónusta við nemendur

Í samstarfi við Ásgarð um sérfræðiþjónustu við starfsfólk og nemendur, hafa nemendur skólans aðgang að náms- og starfsráðgjafa í gegnum netið í öruggu netumhverfi Köruconnect. Þar er um að ræða faglegur stuðningur við nemendur sem hafa þörf fyrir aðstoð við námið sem og að finna sér farveg í lífinu eftir að námi lýkur.

Þar sem ekki er um formlegt námsmat að ræða við lýðskóla eru sértækar aðgerðir til handa þeim sem nemendum sem búa við sértæka námsörðugleika í öðru formi en venja er í framhalds- og háskólum. Þeir nemendur sem erfitt eiga með lestur og skrift nýta sér tölvur og sérstakan hugbúnað til að auðvelda verkefnavinnu eins og við á. Sami háttur verður hafður á ef nemandi ætti við annarskonar tjáningarörðugleika að stríða.

Við Lýðskólann á Flateyri er ekki mætingarskylda en nemendur eru hvattir til að mæta alla daga og mæta á réttum tíma. Nemendur hafa greiðan aðgang að skólastjóra og kennslustjóra og geta beðið



um samtal og leiðbeiningar eftir þörfum. Starfsfólk skólans hittir nemendur alla daga á morgunfundi áður en skóladagurinn hefst. Þar eru rædd ýmis mál sem upp koma í samskiptum nemenda á milli og nemenda og kennara eða starfsfólks. Því næst borða nemendur og starfsfólk morgunmat saman áður en kennsla hefst.

Nemendur eiga rétt á að fá að stunda námið á sínum forsendum með aðstoð kennara og starfsfólks skólans, eftir því sem við á og rúmast innan kennsluáætlunar og kennslulýsingar hvers námskeiðs.

Kennurum ber að virða tíma nemenda og þarfir við námið og aðstoða eins og kostur er svo nemendur megi fá sem mest útúr náminu.

Nemendur Lýðskólans eiga sinn fulltrúa í stjórn skólans sem og tvo fulltrúa í skólaráði skólans. Með þessum boðleiðum hafa nemendur tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum og tillögum.

Á vefsíðu skólans er tilkynningagátt þar sem nemendum gefst kostur á að senda inn tilkynningu um ósæmilega hegðun. Brugðist er við slíkum tilkynningum samkvæmt viðeigandi viðbragðsáætlunum.

## Reglur og áætlanir

Lýðskólinn á Flateyri er samfélag nemenda, kennara og íbúa á Flateyri og nærsveita. Í slíku samfélagi ber okkur öllum skylda til að taka ábyrgð á gjörðum okkar, orðum og störfum. Við berum virðingu hvert fyrir öðru, komum fram af heiðarleika, sanngirni og réttlæti og berum hag samferðamanna okkar fyrir brjósti um leið og við berum virðingu fyrir sjálfum okkur.

Jafnvel þó við gerum okkar besta og meinum vel erum við öll ólík, hugsum ólíkt og það sem einum finnst í lagi finnst öðrum óboðlegt. Því geta siðareglur og aðrar reglur komið okkur langt í að styðja við okkur sem samfélag fólks sem kemur til með að eyða miklum tíma saman á meðan á skólavist stendur, jafnt innan sem utan skóla.

## Almennar skólareglur

- Við stöndum vörð um heiður Lýðskólans og aðhöfumst ekki neitt það sem kynni að vera til þess fallið að rýra álit samfélagsins á skólanum.
- Við erum jákvæðir talsmenn og -konur Lýðskólans og erum meðvituð um að við tökum þátt í að móta nýjan skóla.
- Við sýnum hvert öðru virðingu í öllum samskiptum og komum fram við hvert annað af tillitssemi, hvort sem um er að ræða í hefðbundnum samskiptum eða rafrænum.

- Við gætum trúnaðar um persónuleg málefni hvers annars og um trúnaðarmál þriðja aðila. Við gætum fyllstu varúðar hvar og hvenær sem málefni nemenda eða samstarfsfólks eru til umræðu.
- Við gætum þess að mismuna ekki hvert öðru, til dæmis vegna kyns, kynþáttar, kynhneigðar, aldurs, fötlunar, þjóðernis, trúarbragða eða skoðana.
- Við leggjum okkur fram í samvinnu og látum ekki persónuleg tengsl og hagsmuni hafa áhrif á hana.
- Við gætum þess að vera málefnaleg og sanngjörn í umsögnum, endurgjöf og ummælum um aðra innan skólans.
- Við leggjum ekki aðra í einelti og tilkynnum skólayfirvöldum ef við verðum vitni að einhvers konar einelti eða mismunun, ofbeldi eða kynferðislegri áreitni.
- Við erum virkir þátttakendur í starfi og þróun skólans og lítum á það sem skyldu okkar að miðla upplýsingum sem geta orðið til þess að bæta starf skólans.
- Við gætum þess að fara vel með fjármuni og aðrar eignir skólans.
- Reykingar eru ekki leyfðar í húsnæði skólans, hvort sem er í kennsluhúsnæði eða í öðru húsnæði á vegum skólans, s.s. heimavist eða íbúð.
- Óheimilt er með öllu að neyta, varðveita, dreifa eða vera undir áhrifum ólöglegra vímuefna eða hafa tæki til slíkrar neyslu í vörslu sinni í skólahúsnæði, hvort sem er í kennsluhúsnæði eða í húsnæði á vegum skólans, s.s. heimavist eða íbúð sem leigð er af skólanum, á skólalóð, svo og á ferðalögum, samkomum eða öðru sem fram fer á vegum skólans.

### Síðareglur nemenda

- Við ástundum námið af samvirkusemi og heiðarleika.
- Við mætum í skólann á hverjum degi og sýnum þannig samnemendum og kennurum virðingu og áhuga. Ef nemandi sinnir ekki þátttöku og mætingu í skóla þannig að það bitni á vinnu og líðan samnemenda í skólanum er það samasem úrsögn úr skóla.
- Við sýnum það í orði og verki að við erum þátttakendur í samfélagi nemenda og álítum að við berum ábyrgð á velferð og vellíðan hvert annars.
- Við sýnum kennurum okkar og samnemendum kurteisi, hlítum sanngjörnum fyrirmælum og sýnum heiðarleika og sanngirni í samskiptum.
- Við erum þátttakendur í hópastarfi en ekki farþegar og leggjum okkur fram við að okkar framlag í hópastarfi sé til jafns við framlag annarra í hópnum.





- Við vinnum öll okkar verk innan skólans af heiðarleika og heilum hug og stuðlum að því með virkum hætti að aðrir geri slíkt hið sama.

### Siðareglur kennara

- Við leggjum okkur fram um að vera hluti af samfélagi nemenda og íbúa á Flateyri og tökum þátt í viðburðum og félagsstarfi skólans og þorpsins á meðan á dvöl okkar stendur.
- Við tökum virkan þátt í starfi skólans og erum aðgengileg fyrir nemendur jafnt innan sem utan hefðbundins skólatíma.
- Við erum góð fyrirmynd fyrir nemendur og erum meðvituð um þau áhrif sem orð okkar og gjörðir kunna að hafa innan sem utan skóla.
- Við hugum að því að leiðbeina og aðstoða nemendur í hvívetna til að þroska sig sem einstaklinga jafnt sem leikmenn í okkar fagi.
- Við stuðlum að frumkvæði og þátttöku allra nemenda og hugum í hvarvetna að vellíðan þeirra.
- Við miðlum af þekkingu okkar og reynslu á fjölbreyttan hátt.
- Við höfum gildi og markmið Lýðskólans á Flateyri ávallt í huga, hvort sem er í kennslu eða utan hefðbundins skólatíma.
- Við sýnum nemendum ávallt sanngirni og heiðarleika og hvetjum þau til hins sama í samskiptum sín á milli.
- Við gætum fyllsta trúnaðar á högum nemandanna eða hverju því sem nemandi kann að trúa okkur fyrir.
- Við höfum ávallt í huga hver staða okkar er gagnvart nemendum, hvort sem er innan eða utan hefðbundins skólatíma.
- Við gætum þess að vera málefnaleg og sanngjörn í umsögnum um nemendur.

### Áætlanir

#### [Viðbragðsáætlun við slysum og óhöppum](#)

#### [Eineltisáætlun](#)

#### [Verklagsáætlun vegna áreitni og kynbundins ofbeldis](#)

Í samfélagi skólans höfum við öll okkar skyldur. Við búum með öðrum og þurfum að taka þátt í að hugsa um hýbýli okkar, þrifa og taka til. Það sama á við um skólahúsnæðið. Það er á ábyrgð okkar allra að það sé huggulegt og við skiptum með okkur verkum þegar kemur að því að þrifa, sjá um morgunmat

fyrir hópinn, skipuleggja viðburði og skemmtanalíf og annað það sem gerir samfélagið okkar starfshæft og heilnæmt.

## Meðferð ágreiningsmála og brot á siðareglum

Við leggjum okkur fram við að leysa ágreining og vandamál um leið og þau koma upp. Við reynum að leysa þau innan hópsins, með aðstoð kennara ef það á við. Á vikulegum hópfundum gefst tækifæri til að taka upp mál sem ekki hefur fengist lausn við í smærri hópum. Ef lausn fæst ekki eða ef ágreiningsmál eru stærri eða af öðrum toga en þeim sem leysa má í smærri hópum, snúum við okkur að skólastjóra (kennslustjóra í hennar fjarveru) og óskum eftir íhlutun.

### Skipulag, viðurlög og kæruleiðir

Skólaráð tekur við ábendingum og kærum frá aðilum utan og innan skólans. Það úrskurðar um mál sem kunna að koma upp og tengjast starfsfólki, kennurum og nemendum og gjörðum þessara aðila bæði innan og utan skólatíma. Ráðið getur tekið mál upp að eigin frumkvæði telji það ástæðu til. Við málsmeðferð skal ráðið gæta meginreglna stjórnsýslulaga um upplýsingaöflun, meðalhóf og andmælarétt. Úrskurðir ráðsins skulu vera afdráttarlausir og rökstuddir með vísun í brot á siðareglum. Ráðið ákvarðar ekki um viðurlög við brotum, slíkt er í verkahring skólastjóra. Heimilt er að vísa ákvörðunum skólastjóra og skólaráðs til stjórnar skólans til úrskurðar, bæði skólaráð og kærandi.

### Ábendingar og sjónarmið nemenda

Fulltrúi nemenda í stjórn skólans er skipaður af nemendaráði skólans. Fulltrúi nemenda af hvorri námsbraut sitja í skólaráði skólans. Í gegnum nemendaráð og sinn fulltrúa í stjórn skólans hafa nemendur tök á því að koma með tillögur og hugmyndir sem bætt geta skólann og starf hans sem og aðbúnað nemenda í skólanum og á nemendagörðum.

Skólaráð er starfandi við skólann þar sem nemendur eiga tvo fulltrúa, einn af hvorri námsbraut. Í gegnum sína fulltrúa í skólaráði gefst nemendum kostur á að koma með athugasemdir, ábendingar og kærur ef þeir telja að viðmið eða reglur skólans hafi verið brotnar.

Á heimasíðu skólans er tilkynningagátt þar sem nemendur geta tilkynnt ósæmilega hegðun, telji þeir sig hafa orðið fyrir eða orðið vitni að slíku.

## Gæðamat – innra mat

Innra mat er fagleg ígrundun og greining á gögnum um skólastarfið þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrirfram ákveðnum markmiðum.

Við innra mat er gerð greining á styrkleikum í skólastarfinu sem og áskorunum og tækifærum til breytinga og út frá þeim er gerð áætlun til úrbætur.

## Gögnum sem safnað er til grundvallar innra mati

Kennslukannanir er gerð meðal nemenda eftir hvert námskeið þar sem nemendur meta hvert og eitt námskeiðið út frá væntingum og upplifun. Að sama skapi skila kennarar inn sjálfsmati þar sem þeir meta framvindu námskeiðsins og leggja mat á það sem vel gekk og hvað betur mætti fara. Þessar kannanir eru svo nýttar til að meta hvert og eitt námskeið og skoða hvað má bæta. Í lok hvernar annar fara skólastjórnendur yfir önnina með nemendum þar sem nemendur fá tækifæri til að að koma hugmyndum og upplifun sinni á framfæri, ræða einstök mál, spyrja spurninga og svara spurningum skólastjórnenda. Kannanir eru einnig lagðar fyrir útskrifaða nemendur þar sem þeir eru beðnir um að fara yfir það sem uppúr stendur eftir önnina félagslega, hvaða námskeið þeim fannst áhugaverðust og kenndu þeim mest og hvað þau taka með sér yfir á næstu önn og út í lífið.

Þessi gögn eru svo nýtt til mats á náminu í heild sem og til þess að bæta aðbúnað og líðan nemenda í skólanum og á nemendagörðum skólans.

## Gæðaskýrslur

Mat á gæðum skólastarfsins er að finna í gæðaskýrslum á vef skólans; <https://lydflat.is/skipulag/> þar er að finna innra mat skólans og áætlun um umbætur á því sem betur má fara í skólastarfinu almennt.

*(Síðast uppfært 19. janúar 2022)*